

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 302

maí 2017



We Serve

Maí 2017. Blað nr. 302
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdaemi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2016 – 2017
Fjölumdaemisstjóri: Árni Brynjólfur Hjaltason, Lkl. Njarðvík
Umdæmisstjóri 109A: Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Umdæmisstjóri 109B: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
Fjölumdaemisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Fjölumdaemisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumdaemisstjóri: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Vara fjölumdaemisstjóri: Jón Pálmason Lkl. Viðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson, Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa.
GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold
NSR-AU nefndarmaður/
Lestaráttastjóri: Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

Ungmennaverkefnastjóri: Ósk Aradóttir, Lkl. Úu.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Laganefnd (form.): Áslaug Þórarinsdóttir, Lkl. Búðardals

Lions Quest stjóri: Magnús J. Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skóðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skóðunarmaður (aðal): Daníel Þórarinsson, Lkl. Nirði.

Skóðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumdaemisstjóri ásamt umdaemisstjórum.

Skóðunarmaður (vara): Benjamín Jóspesson, Lkl. Akranes

Varaumdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Varaumdæmisstjóri 109B: Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Sigríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:

International President: Robert „Bob“

E. Corlew USA

Immediate Past President: Dr. Jitsuhiro

Yamada Japan

First Vice President: Naresh Aggarwal

Indland

Second Vice President: Guðrún Björt

Yngvadóttir Ísland

First Year Directors

Bruce Beck,

Tony Benbow,

K. Dhanabalan,

Luiz Geraldo Matheus Figueira,

Markus Flaaming,

Elisabeth Haderer,

Magnet Lin,

Sam H. Lindsey, Jr.,

N. Alan Lundgren,

Joyce Middleton,

Nicolin Carol Moore,

Yasuhisa Nakamura,
Aruna Abhey Oswal,
Vijay Kumar Raju Vegesna,
Elien Van Dille,
Jennifer Ware,
Jaepung Yoo.

Second Year Directors:

Melvyn K. Bray,

Pierre H. Chatel,

Dr. Eun-Seouk Chung,

Gurcharan Singh Hora,

Howard R. Hudson,

Sanjay Khetan,

Robert M. Libin,

Richard Liebn,

Helmut Marhauer,

William L. „Bill“ Phillipi,

Lewis Quinn,

Yoshiyuki Sato,

Gabriele Sabatosanti Scarpelli,

H. Jerome Thompson,

Ramiro Vela Villarreal,

Roderick Paul Wright.

Katsuyuki Yasui

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og dreifing: Lionsklúbburinn Úa.

Umbrót og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: „Efnilegur lionsmaður“
Halldór Birkir Jónsson upprennandi lionsmaður. Myndina tók: Jónas Valdimarsson.



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er sjötta og síðasta tölublað starfsársins komið út. Lionsþingið okkar var nú á vormánuðum í Reykjavík og tókst vel. Á þinginu var að venju kosin ný yfirstjórn fyrir næsta starfsár og óska ég þeim sem hlutu kosningu til hamingju með kjörrið og ég er þess fullviss að hreyfingin er í góðum höndum næsta starfsár. Eins voru samþykkt ný lög fyrir hreyfinguna á Íslandi. Ekki var verið að semja ný lög heldur hefur laganefnd verið að störfum í nokkur ár og hennar hlutverk var að þýða lög hreyfingarinnar. Vinna sem laganefndin lagði í þetta var mikil og hana ber að þakka. Ég hvet alla lionsfélaga til að kynna sér nýju lögin og vinna eftir þeim. Lionshreyfingin er alþjóðahreyfing og okkur ber að vinna eftir þeim lögum sem hreyfingin setur sér.

Á næsta starfsári verður breyting á útgáfu blaðsins og er vinna nú á fullu að finna leiðir sem henta okkur við þær breytingar sem verða. Það hefur verið fjallað ítarlega um þessar breytingar hér í blaðinu áður svo ekki ætla ég að tíunda þær enn frekar. Væntanlega verða þær kynntar vel næsta haust í fyrsta blaði starfsársins. Engar breytingar verða þó á útgáfunni á almanaksárinu 2017.

Nú eru flestir klúbbar landsins búnir að ljúka starfinu á þessu starfsári og fara út í sumarið með bros á vor, koma svo til baka í haust fullir orku og tilbúnir til að takast á við starf vetrarins.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs bæði með skrifum í það og annarri aðstoð og eins óska ég öllum lionsfélögum gleðilegs sumars sem og öðrum landsmönnum.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

„Næsta öld mun skara framúr þeirri fyrri“

Pistill Alþjóðaforseta

Bob Corlew

alþjóðaforseti



Á þessu ári höfum við Dianne notið þess heiðurs að ferðast um heiminn á Aldarafmæli Lionshreyfingarinnar. Við heimsóttum bæjarhverfi í Trinidad þar sem afbrot voru algeng og þar hafði Lions byggt upp falllegt leiksvæði til að leita athvarfs friðar. Við fórum í vöðlur og hjálpuðum Lionsfélögum að

hreinsa á sem rennur gegnum borg í Kóreu. Við fögnuðum setningu Olympíuleika fatlaðra á degi Sameinuðu þjóðanna í New York, innleiddum nýja Lions og Leoklúbba og fórum í sérstakar ferðir þar sem við sáum hvernig Lionsfélagarnir þjóna í borgum og byggðum. Það hefur slegið mig að sjá hvað Lionshreyfingin er stanslaust að aðlaga sig, breytast og stækka. Við erum kannski 100 ára gömul en erum samt eins og unglömb á margan hátt. Þrátt fyrir erfiðleika og áskoranir, erum við samt tilbúin að klífa ný fjöll. Lions sem sinna sjónvernd opna fullgildar læknastofur og framkvæma ský á auga aðgerðir. Lions með tveggja hæða sjúkrahús bæta þeirri þriðju við. Við höldum áfram að gera meira og meira. Ég hef talað við marga sem hafa notið þjónustu Lions og séð hversu þakklátt þau eru. Virðing mín fyrir Lionshreyfingunni hefur farið fram úr öllum vonum, aftur og aftur hef ég séð hvað jákvæð verkefni okkar eru. Við erum góð í að byggja upp um leið og heimurinn þróast og við þurfum áfram að vinna að breytingum. Heilt yfir þá er Alþjóða Lionshreyfingin tilbúin til að takast á við næstu öld í lionsstarfi. Við náðum markmiði okkar að þjóna 100 milljón manns, tveim árum fyrir en ætlað

var. Við settum á fót „Velkomin heim“ prógram sem beint er að fyrrverandi Lionsfélögum. Héldum áfram að tæknivæðast, bæði meðal Lionsklubbanna og Alþjóðaskrifstofunnar og unnum áfram að mannúðarmálum svo sem flóttamannavandanum og náttúruhamförum.

Á aldarafmælinu okkar í Chicago verður Aldarafmælistyndillinn hluti af hátíðahöldunum. Ljós hans merkir að við erum ljós í okkar heimabyggð. Við komum með liðveislu okkar á myrka staði og sköpum tækifæri og von. Kyndillinn er líka tákn sameiningar, við erum ein stór fjölskylda sem vinnur saman. Þökk sé venjulegum lionsfélaga eins og þér, þá veit ég að næsta öld verður jafnvel betri en sú fyrri. Dianne og ég þökkum ykkur fyrir gestrisnina og hlýjuna á árinu og einnig fyrir þjónustu ykkar ár eftir ár. Svo vonast ég eftir að sjá ykkur í Chicago innan fárra vikna.

Chancellor Bob Corlew

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson

Blásið til þings

Frá Alþjóðaforseta

Eins og kveðið er á um í 2. hluta, greinar VI, í Alþjóðareglugerð Lions, býð ég hér með formlega til 100. Alþjóðþings Lions sem haldið verður í Chicago, Illinois í Bandaríkjunum dagana 30. júní til 4. júlí 2017. Fyrir þinginu liggur að kjósa alþjóðaforseta; fyrsta, annan og þriðja varaforseta og sautján alþjóðastjórnarmenn, ásamt því að afgreiða þau mál sem berast með löglegum hætti fyrir fundinn.

Lionshreyfingin var stofnuð í Chicago árið 1917 og er borgin þar af leiðandi hinn fullkomni vettvangur fyrir þingið á aldarafmæli hreyfingarinnar. Borgin býður upp á heillandi útsýni yfir Michiganvatn, glæsilegan arkitektúr og ótal menningarviðburði. Maturinn er frábær, fólkið vinsamlegt og, eins og hæfir upprunastað Lions, er hreyfingin og störf hennar vel þekkt meðal íbúa Stór-Chicago.

Á dagskrá þessa fimm daga sem þingið stendur yfir koma fram kunnir ræðumenn og fyrsta flokks skemmtikraftar. Enn fremur verður áhrifamikil kyndilathöfn til þess að minnast aldarafmælisins auk hefðbundinna Lions atriða, svo sem skruðganga þjóðanna, embættistaka nýs alþjóðaforseta og þrír opnir fundir sem varpa ljósi á fjölbreytt og umfangsmikið starf Lions. Aðalræðumaður þingsins verður Al Gore, fyrrum varaforseti Bandaríkjanna og afhent verða Mannúðarverðlaun Lions sem í ár falla í skaut Remote Area Medical. Annar hápunktur afmælishátíðarinnar verður þegar í ljós kemur hverjir vinna í samkeppninni um besta Friðarveggspjaldið og bestu ritgerðina.

Meðal þeirra sem sjá um tónlistaratriði á þinginu má nefna Chicago, the Beach Boys, the Blues Brothers, David Arhuleta, Barnakór

Afríku ásamt fleiri frægum skemmtikróftum.

Þingvikan er einstök upplifun, þar sem blandast saman vinátta, skemmtun og fræðsla. Afmælisþingið mun lifa lengi í minningunni; hjálpa okkur að skilja og meta það sem Lions hefur áorakað síðustu eitthundrað árin, og mun án efa verða okkur hvatning í áframhaldandi viðleitni okkar að leggja lið næstu hundrað árin.

Undirritað af mér í Oak Brook, Illinois, Bandaríkjum N-Ameríku, hinn 9. dag maí mánaðar 2017.

Bestu kveðjur,

Bob Corlew

alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Edda Briem



We Serve

Skilafrestur á efni í næsta blað er 7. september

Kæru Lionsfélagar

Arni Brynjólfur Hjaltason

Fjölumdæmisstjóri



Það var í lok árs 2014 að haft var samband við mig, um að bjóða mig fram til varafjölumdæmisstjóra, starfsárið 2015-2016. Ég átti síðar langt samtal við Pálma Hannesson fyrrverandi fjölumdæmisstjóra, sem hvatti mig eindregið til að bjóða mig fram. Ákvað ég að gefa mér smá umhugsunartíma fram yfir áramótin. Ég fór að fá fleiri símtöl þar sem aðrir viðruðu þessa hugmynd við mig og ákvað ég síðan að slá til. Um vorið 2015 var ég síðan kosinn varafjölumdæmisstjóri á þinginu á Seyðisfirði. Með því hófst undirbúningur minn til embættis fjölumdæmisstjóra, þar sem ég fylgdist með og lærði af Guðmundi Helga Gunnarssyni fjölumdæmisstjóra. Guðmundi vil

ég þakka kærlega fyrir allan þann tíma og upplýsingar varðandi embættið. Það var svo á vordögum 2016 á þinginu í Mosfellsbæ að ég var kosinn fjölumdæmisstjóri fyrir starfsárið 2016-2017.

Þetta starfsár er senn á enda og er óhætt að segja að það hafi verið frekar annasamt.

Ég hef haft gott samstarfsfólk í vetur og mig langar að þakka ykkur öllum kærlega fyrir samstarfið þetta starfsár.

Mig langar að þakka öllum þeim sem hafa stutt mig og aðstoðað í embættinu, sérstaklega þeim heiðurshjónum, Guðmundi Helga Gunnarssyni ritara mínum í fjölumdæmisráði og eiginkonu hans Hrund Hjaltadóttur ritara mínum á fundum fjölumdæmisstjóra Norðurlandanna, en samstarf okkar hefur verið með eindæmum gott.

Þetta starfsár var Ísland með formennsku fjölumdæmisstjóraahópsins og því var mikið að gera varðandi undirbúning funda fjölumdæmisstjóra Norðurlandana.

Það er ómetanlegt að hafa haft Hrund, þennan mikla reynslubolta, sér við hlið í þessu embætti við undirbúning og á fundum fjölumdæmisstjóra Norðurlandana.

Mig langar að þakka stelpunum á skrifstofunni, þeim Kolfinnu Guðmundsdóttur skrifstofustjóra og Magneu Halldórsdóttur, kærlega fyrir alla þá aðstoð sem þær hafa veitt á þessu starfsári.

Hef ég átt gott og ánægjulegt samstarf við félagi mína í fjölumdæmisráði og alla þá sem ég hef leitað til og fyrir það vil ég þakka. Gunnari Vilbergssyni umdæmisstjóra 109A,

Margréti Gísladóttur eiginkonu hans, Björgu Báru Halldórsdóttur umdæmisstjóra 109B og Sigurjóni Bjarnasyni eiginmanni hennar, þakka ég kærlega fyrir ánægjulegt samstarf í vetur. Þeim heiðurshjónum, Guðrúnu Björt Yngvadóttur 2.vara alþjóðaforseta og Jóni Bjarna Þorsteinessyni vil ég þakka fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Elskulegri eiginkonu minni, Hafdísu Friðriksdóttur vil ég þakka sérstaklega fyrir að hafa staðið þétt við bakið á mér allan þennan tíma. Þessi tími sem ég hef starfað í yfirstjórn hreyfingarinnar hefur verið afar ánægjulegur og lærdómsríkur. Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri, að gegna embætti fjölumdæmisstjóra og hef ég lagt mig allan fram við að gera mitt besta.

Jóni Pálmassyni viðtakandi fjölumdæmisstjóra, Ellert Eggertssyni og Birni Guðmundssyni viðtakandi umdæmisstjóra óska ég velfarnaðar í þeirra embættum, sem og öðrum embættismönnum.



Umdæmisstjóri 109 A

Gunnar E. Vilbergsson

umdæmisstjóri 109A



Á gætu lionsfélagar
Nú er lítið eftir af starfsárinu og því er þetta mín síðasta grein sem umdæmisstjóri í lionsblað. Mikið vatn hefur runnið til sjávar þetta starfsár eins og vænta mátti og í lokin velti ég fyrir mér hvernig til hefur tekist. Starf flestra klúbba hefur verið mjög gott og það er ég sáttur við. Brottfall félaga hefur minnkað frá liðnum árum en er samt of mikið. Nýir félagar koma jafnt og þétt og því fagna ég að sjálfsgöðu en betur má ef duga skal. Kynningarteymi næsta starfsárs mættu gjarnan slá aðeins í og gera aðeins betur. Ég veit til þess að næsti umdæmisstjóri mun leggja áherslu á að minnka brottfall og er það vel. Fyrst ég er að tala um klúbbana þá verð ég að minnast á Lionsklúbbinn Fjölni. Hann gaf eina stærstu gjöf í peningum talið sem lionsklúbbur hefur gefið. Það er ekki annað hægt en að vera stoltur af slíku. Margir aðrir klúbbar hafa staðið sig vel en ég ætla ekki að nefna þá neitt sérstaklega. „We serve“ er okkar lykilorð og um það snýst okkar starf. Það að liðsinna þeim sem minna mega sín fyllir

okkur gleði og eftir stöndum við sátt í eigin skinni.

Ég er að mestu leyti sáttur við starfsárið en alltaf má gera betur

Ég, Ellert og Geirprúður heimsóttum alla klúbba í A- umdæminu og við öll höfum sömu sögu að segja. Heimsóknir voru ánægjulegar og vel tekið á móti okkur. Klúbbar misstórir en þjónuðu sínum sveitarfélögum mjög vel. Lionsmenn, ég þakka góðar móttökur fyrir hönd okkar þriggja og ég segi við ykkur farnist ykkur vel á komandi árum. Þið eruð góður stuðningur við ykkar bæjar/sveitarfélög.

Yfirstjórninni þakka ég gott samstarf, Björg Bára umdæmisstjóri í B-umdæminu, Árni B Hjaltason fjölumdæmisstjóri og starfsmenn hreyfingarinnar kærar þakki fyrir samstarfið.

Kolfinna og Magnea takk fyrir alla aðstoð sem þið veittuð mér.

Síðast en ekki síst þakka ég eiginkonu minni hennar miklu aðstoð.

Lionsfélagar lifið heil !

Umdæmisstjóri 109B

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



verið gott ár. Ég hef verið lánsöm með samstarfsfólk í umdæmisstjórn B sem hefur unnið mjög vel, takk fyrir gott samstarf.

Við sem nú erum umdæmisstjórar nutum þeirra forréttinda að hefja starfsárið í Fukuoka í Japan þar sem okkar stórkostlegi fulltrúi Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin annar varaforseti alþjóðahreyfingar Lions, stærstu líknarsamtaka heims, fyrst kvenna í heiminum. Það verður um alla tíð ógleymanleg stund.

Starfsárið hefur verið mjög skemmtilegt, nóg að gera og stundum lítill svefn en allt saman ánægjulegt. Ég sé ekki eftir einni mínútu sem ég hef varið í Lionsstörfin. Gott samstarfsfólk og það góða fólk sem ég hef kynnst víða um land er mikill auður. Það sem mér finnst standa upp úr eru klúbba heimsóknirnar. Það er magnað að upplifa alla þá vináttu, gleði og vinnusemi sem er sammerkt með klúbbunum, stórum sem smáum og vináttan hvað mest í sterkustu klúbbunum. Takk fyrir frábærar móttökur kæru vinir í Lions.

Þessi vegferð mín sem umdæmisstjóri B umdæmisins hefur verið mér ómetanleg reynsla. Ég hef kynnst skemmtilegu og hugmyndaríku fólki sem ég met mikils að hafa fengið tækifæri til að vinna með. Hafið bestu þakki Lionsfólk fyrir að gefa mér þetta tækifæri.

Nú tekur nýtt fólk við í brúnni í B umdæminu, Björn Guðmundsson umdæmisstjóri, Sigfríð Andradóttir vara umdæmisstjóri og Bragi Ragnarsson annar vara umdæmisstjóri, frábært fólk sem á eftir að gera góða hluti. Ég óska þeim velfarnaðar í starfi.

Ég er bjartsýn á framtíð Lionshreyfingarinnar á Íslandi, við eigum fjöldann allan af sterku, jákvæðu og fórnfúsu fólki sem vinnur mikla vinnu og góða en þarf að vera duglegra að láta vita af því hvað það er í raun að vinna mikið og vel fyrir sitt samfélag.

Sæl verið þið Lionsvinir.
Senn líður að lokum þessa starfsárs og þegar ég renni í huganum yfir árið koma upp margar góðar minningar, mér finnst þetta hafa

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Varaumdæmisstjórar

Ellert Eggertsson

Varaumdæmisstjóri 109A



Góðir Lionsfélagar Við viljum byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka ykkur fyrir samstarfið í vetur. Nú er nýlokið vel heppnuðu umdæma og fjölumdæmisþingi og viljum við nota tækifærið og þakka þeim sem stóðu að skipulagningu og undirbúningi þingsins fyrir frábært starf. Einnig viljum við nota tækifærið og þakka fyrir það traust sem okkur er sýnt með því að kjósa okkur umdæmisstjóra fyrir næsta starfsár og munum við gera okkar besta til að rísa undir því trausti. Okkur langar í þessari grein að segja ykkur frá helstu áhersluatriðum okkar fyrir næsta starfsár. Á aldarafmæli hreyfingarinnar þá erum við hvött til að gera breytingar, við eigum líta yfir farinn veg, halda í það sem vel hefur tekist, en að vera óhrædd að breyta og laga til þar sem við getum gert betur.

Framtíðarskýrslan

Á umdæmisfundum í haust var kynnt skýrsla um Framtíðarsýn Lions. Meðal tillagna sem spunnust við gerð skýrslunnar er að straumlínulaga skipulag umdæma og fjölumdæmisstjórna þannig að þeir aðilar sem sitja í umdæmis og fjölumdæmisstjórn verður skipt í fjóra málaflokka. Fjárafplanir fara í einn hóp. Verkefni í annan, Félaga og Fræðslumál í þriðja og Alþjóðamál í þann fjórða. Við ætlum að

Björn Guðmundsson

Varaumdæmisstjóri 109B



gera þessa breytingu á okkar starfsári. Við vonumst til að þessi breyting tryggji meiri virkni teymana og að óvirkum teyimum fækki.

Félagamál

Félagamál eru eilífðarmál fyrir hreyfinguna. Við verðum að passa að fá inn nýja féлага og gæta að því að klúbbarnir verði ekki of gamlir. Það gengur vel að fá fólk inn í hreyfinguna en á móti kemur að brottfall er mikið. Félagatölur standast nánast í stað milli ára. En betur má ef duga skal, klúbbarnir verða að skoða hvernig þeir geti minnkað brottfallið, það eru til ýmis námskeið og námsefni sem að hreyfingin getur stutt klúbbana með. Félagateymi/GMT eru okkur mikilvæg, þau teymi verðum við að efla við þurfum að greina veik svæði og á hvaða svæðum við höfum sóknarfæri. Við settum sem markmið í samráði við félagafulltrúana að fjölga klúbbum um 2-3 á næstu 3 árum. Við leggjum áherslu á að á öllum svæðum verði búið að skipa varasvæðisstjóra í haust, það hjálpar til og tryggir samfellu í starfinu.

Kynningarmál

Kynningarmál eru okkur mikilvæg og við kjósum að líta á þau út frá tveimur sjónarhornum, annars vegar innávið þ.e. hvernig við miðlum upplýsingum milli Lions-

féлага og hins vegar varðandi kynningu á hreyfingunni gagnvart almenningi og fyrirtækjum.

Okkar markmið er að auka upplýsingaflæði milli Lionsfélaga með reglulegum tölvupóstsendingum og miðlum upplýsinga t.d. í gegn um facebook. Fyrstu skrefin hafa verið stigin en það er stofnun nýrrar Facebooksíðu fyrir umdæmin. Lionsblaðið hefur verið gefið út sex sinnum á ári undanfarin ár, prentuðum útgáfum verður fækkað niður í fjórar og minnkar það kostnaðinn við útgáfuna verulega, tvö blöð fara eingöngu á vefinn.

Í lok næsta starfsárs þá eignumst við alþjóðaförseta og það er tækifæri sem við þurfum að nota ekki síður en 100 ára afmæli hreyfingarinnar. Eins munum við efla heimasíðuna okkar með upplýsingum um hreyfinguna, klúbbana og fréttum úr starfinu. Það má samt ekki gleyma því að besta kynningin á hreyfingunni er starfið sem fer fram í klúbbunum.

Fjármál

Við teljum að eftir hækkan umdæmagjaldanna sem samþykkt var á fjölumdæmisþinginu verði fjármál hreyfingarinnar í jafnvægi, það þarf hins vegar að nota öll tækifæri til að lækka kostnað þó án þess að það komi niður á starfsemi.

Við viljum hvetja Lionsfélaga til þess að greiða valgreiðsluna vegna Hlíðasmárans, það skiptir okkur miklu máli. Jafnframt hvetjum við klúbba til þess að veita fjármunum í þetta verkefni.

Lionsblaðið er mikilvægt fyrir okkur, með fækkun prentaðra blaða þá lækkar kostnaður mikið - en gætum við selt auglýsingar í blaðið? Við þurfum að skoða öll tækifæri til fjáröflunar og þar með stillt í hóf gjöldum sem við þurfum að leggja á féлага.

Ný lög

Á þinginu voru samþykkt ný lög fyrir umdæmin og fjölumdæmið, það er viðbúið að einhverja aðlögun þurfi á þeim á komandi árum,

laganefndin á skilið sérstakt hrós fyrir það mikla starf sem þar hefur verið unnið. En við látum ekki staðar numið hér, við þurfum að þýða og samþykkja lög fyrir klúbbana sem er ekki síður þýðingarmikið og eins eru til fjöldi reglugerða og stefnumála eða By-Laws and policies fyrir klúbbana til að fara eftir.

Alþjóða hjálparsjóðurinn

Við erum hluti af stærstu alþjóðlegu hjálparsamtökum heimsins, þó að meginþungi starfsemi okkar sé hér heima þá leggjum við mikla áherslu á alþjóða hjálparsjóðinn LCIF. Okkar markmið er að framlög úr umdæminu hækki um 15% og fleiri klúbbar þurfa að styrkja sjóðinn. Við mælum með því að klúbbarnir komi sér upp fastri reglu um framlög annað hvort sem fastri fjárhæð pr. féлага eða hlutdeild úr söfnunum. Þó aðal áherslan hafi verið lögð á LCIF, þá megum við ekki gleyma Íslenska hjálparsjóðnum, við þurfum að finna styrktaraðila eða leiða til að afla tekna fyrir sjóðinn. Netstjórinn okkar er að skoða leiðir til að auðvelda sölu á minningarkortum á heimasíðunni okkar og vonandi getum við klárað það mál í haust, en eins og þið vitið er sala á minningarkortum aðaltekjulind sjóðsins.

Góðir félagar, af nægu er að taka og okkur mun ekki skorta verkefni á næsta starfsári. En þetta er ekki eins eða tveggja manna verk, þetta tekst bara með sameiginlegu átaki okkar allra og eins og Alþjóðaförseti segir, við eigum alltaf að vera að leita að áskorunum og við segjum, tókum nýjum áskorunum fagnandi. Að lokum óskum við ykkur gleðilegs sumars og vonum að þið eigið ánægjulegt sumar með fjölskyldum ykkar og að við mætum öll hress til starfa í haust.



Pistill frá varafjöllumdæmisstjóra

Jón Pálmason

vara fjöllumdæmisstjóri



Góðir félagar,
Nú að afloknu Lionsþingi vil ég þakka öllum sem stóðu að því fyrir gott þing. Í framhaldi af því vona ég að við sameinumst öll um að gera næsta starfsár eins farsælt og kostur er. Núna þegar við erum alveg að fara að eignast alþjóðaforseta þurfum við að vera til fyrirmyndar í starfi okkar. Við höfum verið það fram að þessu á mörgum sviðum. Við eigum til að mynda flesta félaga á hvern íbúa í heiminum.

Það koma sífellt nýngar í stjórnkerfið sem eiga að stuðla að bættri starfssemi klúbbana. Klúbbarnir okkar

eru jú það sem allt snýst um. Það að gera klúbbana betri svo að það verði áhugaverðara að vera í þeim á að vera okkar lykilverkefni. Það eru fjögur atriði sem talið er að eigi að huga að þegar bæta þarf klúbb.

1. Félagsskapurinn sé góður þannig að aðlaðandi sé að vera í klúbbnum.
2. Verkefni séu góð þannig að félögunum finnist tilgangur í að starfa í klúbbnum.
3. Við segjum frá starfssemi klúbbsins í samfélagi okkar svo við getum verið hreykin af klúbbnum okkar.
4. Gera klúbbinn að fyrirmyndarklúbbi svo aðrir sjái hversu öflugur hann er.

Svona klúbbur mun ekki eiga í erfiðleikum með að fá félaga. Margir klúbbar eru með tvö eða fleiri atriði í góðu lagi og geta auðveldlega lagað þá síðustu.

Til að styðja við klúbbana er hreyfingin með samstarf á heimsvísu þar sem aðalatriðið er að styðja starf klúbbanna svo þeir verði öflugri.

Fyrst ber að nefna **Verkefnateymi Lions GST**. Hlutverk þess er að aðstoða klúbbana í að finna góð verkefni. Hjálpa klúbbnum að taka þátt í stórum verkefnum sem eru þess eðlis að fleiri en einn klúbbur

þarf að koma að þeim. Gert er ráð fyrir að hver klúbbur skipi verkefnafulltrúa, sem getur verið formaður verkefnanefndar eða líknanefndar. Hugmyndin er að þessi hópur fulltrúa klúbbana með aðstoð svæðisstjóra á viðkomandi svæði tali saman og skiptist á hugmyndum og fá ráð hjá verkefnateyminu.

Næst ber að nefna **Félagateymið Lions GMT**. Hver klúbbur skipar einnig félagafulltrúa sem verður tengiliður við félagateymið í gegnum svæðisstjóran. Saman fari fulltrúarnir og félagateymið yfir stöðu klúbba og leiti leiða til að gera félagslífið betra í klúbbnum. Einnig aðstoði félagateymið við öflun nýrra félaga.

Leiðtogateymi Lions GLT tekur síðan við ef félagateymið sér að hægt er að bæta starfið í klúbbi með námskeiði og með því að bjóða upp á leiðtoganámskeið á hverju ári. Auk þess heldur leiðtogateymi námskeið fyrir stjórnir klúbbana í tengslum við Lionsþing. Þessir þrír hópar eiga svo að vinna saman að eflingu klúbbanna. Þetta er gott að hafa í huga þegar starfið er undirbúið fyrir næsta vetur.

Ég óska ykkur öllum góðs sumars.

Framkvæmdastjórn Lions alþjóðaforseti, 1. vara, 2. vara, 3. vara og fráfarandi forseti (5)		Alþjóðastjórnarmenn (32)	
Leiðtogar heimsálfa / Leiðtogar á Norðurlöndum			
Leiðtogateymi GLT	Félagateymi GMT	Verkefnateymi GST	
Leiðtogastjóri Fjöllumdæmis	Félagastjóri Fjöllumdæmis	Verkefnastjóri Fjöllumdæmis	
Leiðtogafulltrúar Umdæma (2)	Félagafulltrúar Umdæma (2)	Verkefnafulltrúar Umdæma (2)	
Svæðisstjórar (15)			
Formaður félaganefndar klúbbs		Formaður verkefnanefndar klúbbs	

Teymin þrjú sem vinna að því að gera klúbbana betri. Rauðu reitirnir eru fulltrúar klúbbana. Félagar og verkefnafulltrúarnir í umdæmunum ásamt svæðisstjóra hafa frumkvæði að því að tengja saman fulltrúa frá klúbbnum.

Fréttir af Lionsklúbb Akraness

Þriðjudaginn 4. apríl síðastliðinn færði Lionsklúbbur Akraness, rannsóknastofu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi að gjöf blóðkornateljara af gerðinni Sysmex XN 1000. Þetta nýja tæki sem leysir af mun eldri tækjabúnað, er mun fullkomnara og vinnur mjög mikið sjálfvirkt og sparar þar með vinnu og tíma starfsfólks rannsóknastofunnar. Niðurstöður fara síðan inn í rafrænan gagnagrunn. Aðgang að þeim mæligögnum hafa síðan þeir starfsmenn sem eru með viðkomandi sjúkling til rannsóknar og meðferðar. Verðmæti tækisins er kr. 4.800.000.- auk virðisaukaskatts. Lionsklúbbur Akraness vill við þetta tækifæri þakka



Akurnesingum og öllum þeim sem hafa stutt við bakið á klúbbnum með leigu á ljósakrossum í kirkjugarðinum. Sá stuðningur gerir okkur



Lionsmönnum kleift að styðja Heilbrigðisstofnum Vesturlands á Akranesi.

Alþjóðalög Lionshreyfingarinnar loksins á íslensku

Einar Þórðarson

109A umdæmisstjóri 2014-2015



Ingimundur Andrésson

109B umdæmisstjóri 2014-2015



Kæru Lionsfélagar, til hamingju með staðfestingu alþjóðalaga Lionshreyfingarinnar.

Loksins eru þau til í heild sinni á íslensku. Slíkt hefur aldrei gerst áður. Það var starfsárið 2014-2015 sem fjölumdæmisstjórn Lions fól laganeftnd hreyfingarinnar það verkefni að þýða alþjóðalögin, bæði umdæmis- og fjölumdæmislögin. Þrjár ástæður voru forsenda þess að farið var í þetta stóra verkefni:

1. Íslensku lögin sem við höfum starfað eftir eru að grunni til frá 1998 og í þau vantar stóra lagabálka. Í sumum tilfellum erum við heldur ekki að starfa eftir þeim.
2. Árið 2017 verður Alþjóðahreyfing Lions 100 ára og við vildum færa íslensku hreyfingunni veglega afmælisgjöf, sem er íslensk þýðing þeirra og koma lagaumhverfi hreyfingarinnar inn í nútíðina.
3. Gera lög Lionshreyfingarinnar aðgengileg fyrir alla Lionsfélaga, sem geta þá loksins kynnt sér þau og lesið – til að fara eftir þeim.

Laganeftndin lauk grunnþýðingu laganna fyrir þingið á Seyðisfirði 2015 en átti eftir að laga málfar og staðfæra. Vegna þröngs tímaramma á þinginu fékkst ekki tími að kynna verkefnið en á þinginu 2016 var verkefnið loks kynnt. Nú, þremur árum eftir að verkið hófst, voru umdæmis- og fjölumdæmislögin lokst lögð fram á íslensku. Því var brotið blað í sögu Lionshreyfingarinnar á Íslandi þegar lögin voru staðfest. Þar með skuldbindum við okkur að fara eftir þeim og í sumum tilvikum taka upp rétt vinnubrögð í stað vinnubragða sem sumir hafa sagt að væru þau réttu.

Við hvetjum alla Lionsfélaga að kynna sér lög hreyfingarinnar, bæði umdæmislögin og fjölumdæmislögin. Margt er þar að finna sem Lionsfélagar þurfa að kynna sér og þar er réttum vinnubrögðum lýst og útskýringar á ábyrgð. Í einhverjum tilfellum þýðir það að ákveðin völd og ákvarðanatök eru færð á réttan stað. Sem dæmi þá stjórna umdæmisstjórnir Lionshreyfingunni en fjölumdæmisstjóri er starfsmaður þeirra – og Áslaug Þórarinsdóttir, formaður laganeftndar, útskýrði það vel á síðasta þingi.

Frábært að verkið er í höfn. Við viljum þakka laganeftndinni fyrir vel unnin störf á þessum þremur árum. Við vitum að þetta var ærin vinna en hún tókst vel. Í nefndinni voru: Áslaug Þórarinsdóttir nefndarformaður, Guðný Björnsdóttir, Kristinn G. Kristjánsson, Kristín Þorfinnsdóttir, Logi Guðbrandsson og Þór Steinarsson.

Þá er einnig sérstök ástæða til að þakka Áslaugu Þórarinsdóttur fyrir mjög greinargóða kynningu á lögnum og kynna þau á mannamáli sem allir skilja.

Enn og aftur, til hamingju með að nú eigum við alþjóðalög Lions á íslensku.

Loksins erum við komin aftur til nútíðar.

Lionsklúbbur Reykjavíkur

Lionsklúbbur Reykjavíkur afhenti nýverið Styrktarfélagi hjartveikra barna styrk að fjárhæð 1.200.000 kr.

Fríða Björk Arnardóttir tók á móti styrknum, auk Söndru Valsdóttur, varaformanni.

Frá stjórn LR mættu Garðar Sigursteinsson, formaður, sem afhenti styrkinn f.h. klúbbsins og Eyjólfur Rósmundsson, gjaldkeri.

Frá líknanefnd LR mættu Einar Þorkelsson og Hrafn Magnússon.

Lionsklúbbur Reykjavíkur hefur árlega veitt fjölmörgum aðilum styrki, t.d. til Hugarafns, Alzheimerssamtakanna, Ljóssins, Parkinson-samtakanna og HL-stöðvarinnar, svo nokkur dæm séu nefnd.



Með Lionskveðju

Hrafn Magnússon, formaður líknanefndar Lionsklúbbs Reykjavíkur



Gengu berfætt í skólann – þar til Lions tók til hendinni

Eftir Jamie Konigsfeld



Nýja heimavistin hefur breytt lífi nemendanna svo um munar.

Áð komast til SK Talantangskóla í Sabah héraði í Malasíu, kostaði allt að fjögurra klukkustunda göngu innan um gríðarlega há gúmmitré í drullusvaði og yfir vota hrísgrjóna akra. Þessir nemendur búa á svæðum þar sem ekki eru neindir vegir og oftar en ekki voru þau berfætt. Stjórnvöld útvega þeim skó en þau vilja ekki eyðileggja skóna í svona göngu.

Foreldrar þeirra nemenda sem fengu far með ökutækjum höfðu miklar áhyggjur af ferðinni. Annað hvort fengu þau far aftan á mótörhjólum eða að þeim er troðið allt of mörgum í lélega bíla. Á regntímabilinu slepptu mörg þeirra því að fara í skólann því hættan af beljandi vatni var of mikil.

Nú hefur Lionsklúbburinn Kota Kinabalu Host í Kóreu, í samvinnu við Alþjóðahjálparsjóðinn LCIF, byggt heimavist í nágrenni við skólann.

Helmingur þeirra 200 nemenda sem eru í skólanum þarf því ekki lengur að fara þessa erfiðu og hættulegu ferð til að stunda námið. Byggingartíminn tók aðeins 6 mánuði og heimavistin var opnuð í febrúar á þessu ári.

Það er fyrrverandi umdæmisstjórinn Eugene Lee sem stýrir heimavistinni sem er vel útbúin með góðri svefnaðstöðu, baðherbergjum, borðstofu og fullkomnu eldhúsi þar sem nemendurnir fá staðgóðan mat á hverjum degi.

Rafmagn, rennandi vatn og góð hreinlætisaðstaða þykir lúxus á þessu svæði og er alls ekki á mörgum heimilum.

Nemendurnir þurfa ekki lengur að flýta sér heim. Þau geta tekið þátt í tómsundarstarfi eins og íþróttum og leikjum og sum þeirra fá kennslu í skák.

Þó að sum þeirra velji að fara heim um helgar þá vilja mörg þeirra dvelja á heimavistinni og það er þeirra val.

Í vígsluathöfninni sagði Myung-ung Kang umdæmisstjóri frá Kóreu meðal annars:

„Hingað til hafið þið haft gilda afsökun fyrir slælegum árangri í náminu. Það var ykkur of erfitt að stunda námið vegna ferðalaganna milli skólans og heimilisins. Nú er enginn afsökun lengur. Við gerum ráð fyrir að þið stundið námið af miklum krafti, dag og nótt, í góðu veðri og slæmu og verðið fyrirmyndar borgarar í Kota Marudu, Sabah héraði og í Malasíu. Ef einhver spyr ykkur í framtíðinni hvernig þið gátuð náð svo góðum árangri getið þið svarað:

Það er vegna þess að ég stundaði nám í Asrama Desa Lions SK Talantang skólanum!“

Pýðing: Kristinn Hannesson

Lionsklúbburinn Kolgríma færir Skjólgarði góðar gjafir

Föstudaginn 17. mars færðu Lionskonur Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði tvær fullkomnar vökvadælar, tvö vökvastatíf og eina úðavél að verðmæti 600 þúsund krónur.

Þessar gjafir koma að góðum notum en vökvadællurnar leysa af hólmi dælar sem Lions gaf Skjólgarði 1996 þegar flutt var í núverandi húsnæði.

Frá og með síðustu áramótum er heimilið aftur komið með fjögur sjúkrarými til að mæta styttri innlögnum vegna veikinda, slysa eða endurhæfingar, en þeim var fækkað niður í þrjú árið 2009.

Tuttugu og fjögur hjúkrunarrými eru á Skjólgarði og hafa þau verið fullnýtt síðustu árin.

Viljum við þakka íbúum sveitafélagsins fyrir góðar viðtökur og stuðning.

Lionskonur vilja koma sérstöku þakklæti til Pálma Guðmundssonar verslunarstjóra Nettó. Pálmi hefur verið sérstaklega velviljaður í garð Lionskvenna að leyfa þeim að selja varning sinn í Miðbæ.

*Bestu kveðjur frá Lkl. Kolgrímu
Anna Antonsdóttir*



Lionsklúbburinn Seyla

Menningarferð á svæði 6/109A í tilefni 100 ára afmælis Lions

Það var í blíðskaparveðri, laugardaginn 6. maí sem Lionsfélagar á svæði 6, umdæmi 109A, gerðu sér glaðan dag saman. Tilefnið var 100 ára afmæli hreyfingarinnar og var haldið í menningarferð innan svæðisins á tveimur rútum. Leiðsögumaður var Gunnar Valur Gíslason, Lkl. Álftaness, sem veitti hlutdeild í sínum mikla fróðleik um svæðið, þ.e. Álftaneshrepp hinn forna. Hópurinn kom fyrst saman við Hafnarborg, Hafnarfirði, þar sem móttaka var í boði bæjarstjórnar og Rósa Guðbjartsdóttir ávarpaði hópinn. Ágústa Kristófersdóttir, safnstjóri, gaf hópnum því næst innsýn í sögu hússins. Næsti viðkomustaður var Bessastaðakirkja, þar sem séra Hans Guðberg Alfreðsson tók á móti hópnum og sagði frá sögu kirkjunnar. Því næst var haldið að Hönnunarsafni Íslands, Garðabæ, þar sem Gunnar Valur Gíslason tók á móti félögum fyrir hönd bæjarstjórnar Garðabæjar, og Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður bauð fólk velkomið. Ferðinni lauk á veitingastaðnum Skútunni í Hafnarfirði með snarli.

Skipulag ferðarinnar var á höndum afmælisfulltrúa allra klúbbanna, en þeir voru:

- Sesselja G. Sigurðardóttir, Lkl. Kaldá
- Guðmundur Guðbjartsson, Lkl. Ásbjörn
- Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar
- Dröfn H. Farestveit, Lkl. Eik
- Áni Geir Þórmarrsson, Lkl. Garðabæjar
- Jóhann Jónsson, Lkl. Álftaness
- Guðrún María Skúladóttir, Lkl. Seyla

Dagurinn var í alla staði vel heppnaður og ánægja og gleði ríkti meðal Lionsfélaga þessara sjö nágranna-klúbba.

Edda R.H. Waage, Lkl. Seyla, svæðisstjóri á svæði 6/109A



Lionsklúbbur Akureyrar

Lionsklúbbur Akureyrar er meðal elstu lionsklúbba landsins, stofnaður Lárið 1956, og þar af leiðandi með þeim virðulegustu. Því til vitnis er að einungis tveir núverandi félagar eru yngri en klúbburinn og einn er jafnaldri hans. Elsti félaginn er 76 ára og sá yngsti 56 ára. Meðalaldur er 65 ár. Sá sem lengst hefur verið félagi í klúbbum hefur verið það í 46 ár. Á starfsárinu gekk einn úr klúbbum en enginn í hann. Nú eru félagarnir 19. Það má ekki minna vera en við höfum ekki af því alvarlegar áhyggjur. Flestir félaganna eru nokkuð virkir og við leggjum meiri áherslu á gæði en magn. Okkur finnst við ágætir og fjölgunartilburðir hafa ekki skilað miklum árangri þrátt fyrir árlegar brýningar umdæmisstjórnanna. Kannski ræður aldurinn þar nokkru. Við erum hoknir af reynslu og státtum okkur af henni. En að öllu gamni slepptu þá væri ekki verra að félagarnir væru nokkru fleiri og þurfum við vissulega að hafa það í huga. Við þolum alveg 4 – 6 í viðbót.

Á starfsárinu voru fundir 15. Fyrsti fundurinn var haldinn 22. sept. Á þeim fundi tilkynnti siðameistari um ný sektarákvæði. Þeir sem ekki mættu á fundi yrðu sektaðir um þúsund krónur. Engin forföll yrðu tekin gild nema helst eigið dauðsfall. Þótti sumum það nokkuð harður kostur. Komið hefur til álita að breyta ákvæðinu og láta menn fekar greiða fyrir veitingar þótt þeir mæti ekki til að neyta þeirra. Þannig er að félagarnir hafa í mörg ár skipst á að leggja til veitingar á fundi og eru innheimtar tvö þúsund krónur á mann fyrir þær. Þær tekjur renna allar í stallarasjóð sem greiðir niður kostnað við konukvöld o. fl. Það má færa fyrir því rök að það fyrirkomulag væri sanngjarnara og gagnsærra. Þetta mun nú vera til skoðunar hjá gleggstu fjármálamönnum klúbbsins þótt óbreyttir hafi þegar komist að þeirri niðurstöðu að nýtt fyrirkomulag gæti allt að því tvöfaldað tekjur sjóðsins.

Starfsárið hefur að öðru leyti verið hefðbundið. Fjáröflun felst í sölu dagatals sem gefið er út í nafni klúbbsins og einnig eru seld jóladagatöl. Þessi fjáröflun gerði okkur mögulegt að leggja á starfsárinu 1,6 millj. kr. til líknarmála í heimabyggð sem þegar hefur að mestu leyti verið úthlutað. Alþjóða hjálparstjórnin (LCIF) styrktum við með 120 þús. kr. framlagi og félagar í klúbbum aðstoðuðu við skurmælingarnar. Þann stuðning, sem felst í vinnuframlagi klúbbfélaga, metum við til 2.5 milljóna króna.

Það er fastur liður í starfi klúbbsins að bjóða eiginkonum á fund þrisvar á starfsárinu, að hausti, á jólafund og á lokafundinn. Jólafundurinn var að þessu sinn haldinn á Grenivík. Skötuveisla var haldinn í fyrsta skipti í sögu klúbbsins eftir því sem best er vitað og vakti það uppátæki hina



"Efnilegur Lionsmaður"

Halldór Birkir Jónasson barnabarn eins af okkar traustustu félögum, Héðins Jónassonar.

mestu ánægju. Lokafundurinn var haldinn 12. maí í Golfskálanum á Akureyri og greiddi stallarasjóðurinn allan fundarkostnað. Óskar Pétursson, hetjutenór, skemmti með söng og gamansögum eins og honum er einum lagið. Á fundinum fóru fram stjórnarskipti og verður stjórn næsta starfsárs þannig skipuð: Páll Guðlaugsson, formaður, Héðinn Jónasson, ritari, og Þórarinn Gunnarsson, gjaldkeri. Þá var Jóhannes Áslaugsson gerður að Melvin Jones félagi fyrir störf sín í þágu klúbbsins.

Óvissuferð var farin með félögum í Lkl. Vitaðsgjafa í Eyjafjarðarsveit og keppni í keilu hefur verið fastur liður í samskiptum klúbba í nokkur ár. Nú fór okkar klúbbur með sigur af hólmi en Vitaðsgjafamenn í fyrra. Óljóst er um framhald keppinnar þar sem keiluhúsið á að rífa og ekki er enn vitað hvort önnur aðstaða fæst fyrir tæki og búnað. Í byrjun júní verður að venju dregið fyrir silung í Ljósavatni og hann grillaður og étinn á staðnum og farin verður vinnuferð að sumardvalarheimilinu Ástjórn í Kelduhverfi sem rekið er af svonefndum Sjónarhæðasöfnuði á Akureyri. Þá er fyrirhugað að fara til Hríseyjar um mitt sumar og skera hvönn.

Með Lionskveðju.

Bjarni Kristjánsson

Kjarnansorðan – Lionsklúbburinn Fold

Á fundi í Lionsklúbbum Fold 10. apríl s.l. heiðruðu klúbbfélagar Hrund Hjaltadóttur eina af stofnfélögum klúbbsins með því að veita henni Kjarnansorðuna en það er mesta viðurkenning sem íslenskum Lionsfélaga er veitt. Klúbbfélögum finnst Hrund Hjaltadóttir eiga slíka viðurkenningu skilið fyrir störf hennar fyrir Lionsklúbbinn Fold, umdæmis og fjölmæmisstjórnir til margra ára t.d. sem umdæmisstjóri, fjölmæmisstjóri og ýmis önnur störf fyrir Lionshreyfinguna á Íslandi. Foldarkonur eru stoltar yfir að hafa slíkan féлага í sínum röðum og fengu fjölmæmisstjóra Árna B. Hjaltason til að afhenda viðurkenninguna.

Stjórnin.



Fréttir frá Lionsklúbbsi Seltjarnarness



Eiríkur Steinþórsson formaður Lionsklúbbs Seltjarnanes og Bárna Sigurjónsdóttir Forstöðumaður Leiðarljós.



Nokkrir félagar klúbbsins ásamt Bárnu.



Lionsklúbbur Seltjarnanes afhenti nýlega Leiðarljós stuðningsmiðstöð fyrir langveik börn styrk upp á eina og hálfu miljón, en klúbburinn hafði heyrt af fjárhagsvanda Leiðarljósins, þau hafa þurft að skerða starfsemi verulega vegna fjárskorts en við fjárlagagerð hefur dregið verulega úr styrk frá ríkinu. Þau þurfa um 25 miljónir til að halda úti starfsemi en fá rétt tæpan helming af því. Þetta er erfitt dæmi fyrir okkur segir Bárna Sigurjónsdóttir forstöðumaður Leiðarljós en þau styðja 75 fjölskyldur langveikra barna og 16 fjölskyldur eru í sorgarhópnum hjá þeim. Venjulega

styrkir klúbburinn ekki með peningagjöfum en kaupir alla að jöfnu tæki og tól og afhendir ýmsum líknarstofnunum þau. En við brugðum út af vananum og afhentum Leiðarljósi þessa peningagjöf og vonumst eftir að fleiri Lionsklúbbar geri hið sama.

*Kveðja
Jón Páll Ásgeirsson
Lionsklúbb Seltjarnanes.*

Lionsklúbburinn Eir

Komið er að lokum

Lionsklúbburinn Eir hefur haldið sinn lokafund . Hann var haldinn á Hótel Grímsborgum 12. maí, s. l. Þar gistu félagarnir eina nótt, funduðu, borðuðu veislumáltíð og nutu samvista hver við annan.

Stofnskrárdagur Lionessklúbbsins Eirar var 12. janúar 1984 en Lionsklúbburinn Eir var stofnaður 14. apríl 1988. Klúbburinn hefur því starfað í 33 ár.

Verkefni klúbbsins hafa verið margvísleg en aðalstyrktarverkefnið hefur verið að vinna gegn eiturlýfjum og öðrum vímuefnum og hefur fíkn og vímuefnadeild lögreglunnar notið styrkja okkar í gegnum öll árin.

Líkt og aðrir lionsklúbbar á Íslandi höfum við í Lionsklúbbum Eir unnið að ótal öðrum líknarmálum, eins og til dæmis farið reglulega í heimsókn á hjúkrunarheimilið Skjól, fært þeim bakkelsi og glatt með hljóðfæraleik og söng.

Helsta fjáröflun Eirar kvenna er kvikmyndasýning sem eigendur Laugarásbíós hafa verið svo elskulegir að gefa okkur forsyningu að, en þeir eru enn fremur með aðgang að sal í Háskólabíó sem við höfum og fengið forsyningu í.

Nú er sem sé komið að leiðarlokum og munum við slíta klúbbum í lok þessa starfsárs. Konur hafa elst og nýliðun hefur ekki gengið sem skyldi.

Þetta hefur ekki verið þessum 12 konum sem enn starfa í klúbbum létt ákvörðun, en allar erum við sammála um að klúbburinn er ekki lengur starfhæfur.



Við munum halda áfram að hittast og rækta okkar vinskap ásamt því að halda áfram með nokkur verkefni og má þar nefna heimsóknir á hjúkrunarheimilið Skjól og viðhald á skógarlundi okkar í Heiðmörk.

*Fyrir hönd Eirar kvenna
Helga Lára Guðmundsdóttir, formaður*

Lionsklúbburinn Fjölur færir Neistanum 10 milljónir króna

Vorið 2016 gerði Lionsklúbburinn Fjölur samning við rétthafa um kaup á margverðlaunaðri fræðslumynd um líf keisaramörgæsa á Suðurskautinu. Markmið okkar var að útbúa DVD disk og styrkja gott málefni með sölu á diskunum. Sem styrktaraðili varð Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna fyrir valinu og gerður var samningur við Neistann um að allur afkastur af sölu disksins rynni til Neistans.

Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna var stofnað 9. maí 1995 og er meginmarkmið félagsins að veita foreldrum hjartveikra barna upplýsingar um hjartasjúkdóma barna og meðferðarúræði. Þá styrkir styrktarsjóður félagsins fjölskyldur sem þurfa að fara með börn sín í opnar hjartaaðgerðir til útlanda, sem einkum eru framkvæmdar í Boston í Bandaríkjunum og Lundi í Svíþjóð.

Sala hófst vorið 2016 og í lok apríl 2017 höfðu safnast 10 milljónir króna. Afhending söfnunarfrjárens fór fram á afmælisdegi Neistans 9. maí í veislusal Lækjarbrekku í Kornhlöðunni við Bankastræti. Þegar aðaleigandi Lækjarbrekku vissi hvert tilefnið var bauðst hann til að veita okkur Fjölnismönnum ókeypiss aðstöðu í Kornhlöðunni og veitingar án endurgjalds. Það væri hans framlag til þessa góða málefns, eins og hann nefndi það. Þökkum við eigendum Lækjarbrekku sérstaklega fyrir þetta höfðinglega framlag þeirra til málefnsins.

Við afhendinguna voru félagar Neistans ásamt nokkrum hjartveikum börnum, forystumenn Lions og félagar úr Lionsklúbbum Fjölni. Sérstaklega athyglisvert var að heyra lýsingu tveggja hjartveikra unglunga sem lýstu veikindum sínum og ferðum til útlanda frá barnsaldri í hjartaaðgerðir. Þá sagði Elín formaður Neistans að hún hefði þrisvar farið með lítinn son sinn til Lundar í Svíþjóðar í opna hjartaaðgerð og það hafi hjálpað fjölskyldunni mikið að njóta stuðnings styrktarsjóðsins.

Umsögn formanns Neistans staðfestir það að við félagarnir í Lionsklúbbum Fjölni höfum valið verðugt verkefni til að styðja.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Búðardals



Kótilettur eldaðar að hætti Jóns í Sauðhúsum.



Björn varaumdæmisstjóri kom í heimsókn og messaði yfir lýðnum.



Stjórn Lkl. Bdl. starfsárið 2016-17 – í fyrsta skiptið allt konur, séð frá vinstri: Sigfríð ritari, Anna formaður og Valdís gjaldkeri.

Lionsklúbbur Búðardals hefur verið duglegur Lað sinna innra starfinu í vetur, halda létta og skemmtilega fundi og brjóta upp munstrið. Hér á eftir koma nokkrar myndir frá seinni hluta starfsársins. Það skal tekið fram þegar þetta er skrifað að enn á eftir að afhenda nokkrar gjafir til ýmissa hér í sveitarfélaginu. Það eru: göngubretti fyrir dvalarheimilið Silfurtún, reiðhjólaljálmur með slysavarnardeildinni til nemenda í 7. bekk og frísbílgölfdiska handa öllum nemendum grunnskólans en sveitarfélagið er að láta útbúa frísbílgölvöll hér í plássinu.

Sigfríð Andradóttir ritari Lkl. Búðardals



Guðjón D. (Dalli) formaður Reykhóladeildarinnar setur saltkjötsfund í mars.



Reykhóladeildin heiðraði 4 stofnfélaga deildarinnar með Melvin Jones viðurkenningu þau eru talið upp frá vinstri: Þráinn, Halldóra, Guðmundur og Ingvar.



Þáskafundur – spilað bingó.

Vinningshafar kvöldsins, séð frá vinstri: Böðvar, Valdís og Porkell (Keli).



Lkl. Bdl. ákvað að heiðra Sæmund Jóhannsson sem Melvin Jones félagi fyrir vel unnin störf fyrir klúbbinn.



Mynd af afhendingu Lkl. Bdl. til björgunarsveitarinnar Ósk en við gáfum 2 hjartastuðtæki í bílana þeirra.



Nemendur í leiðtogaskólanum ásamt kennurum.

Lionsklúbburinn Dynkur

Föstudaginn 12. maí 2017 var stjórnarskiptafundur Lionsklúbbsins Dynks haldinn að Hestakránni. Fundurinn var vel sóttur og voru hátt í 60 félagsmenn og makar sem mættu og nutu góðra veitinga og skemmtilegs fundar. Á fundinum voru þeir Guðmundur Sigurðsson og Kristján Guðmundsson heiðraðir fyrir störf sín í þágu Lionsklúbbsins Dynks en þeir hafa unnið ötullega að fjáröflun fyrir klúbbinn frá fyrsta degi. Einnig var Jósef Geir Guðmundsson heiðraður fyrir störf sín í þágu Dynks.

Á fundum höfum við fengið marga fyrirlesara og kynnst atvinnumálum, ferðamálum, köldum samruna, hjartakvillum o.fl. Á fundunum er einnig skeggrætt um landsins gagn og nauðsynjar ásamt hefðbundnum fundarstörfum. Ekki skemmir svo fyrir kaffið og veitingarnar sem við fáum okkur í fundarhléum.

Í janúar var haldið hóf til heiðurs þeirra Gylfa Haraldssonar og Péturs Skarphéðinssonar þar sem þeim voru þökkuað þjónusta við okkur íbúa Laugaráslæknishéraðs. Lionsklúbbarnir í upp-sveitunum stóðu saman að því að sæma þá Melvin Jones orðum en það er mesta virðing sem veitt er af Lionsklúbbum. Þetta voru Lkl. Dynkur, Lkl. Geysir, Lkl. Laugarvatns og Lkl. Skjaldbreiður.


Í vetur smíðuðu félagar í Lionsklúbbum Dynk fjóra bekki sem færðir eru sóknum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Búið er að afhenda bekkina sem fara til

Ólafsvallakirkju og í sumar verða síðari tveir bekkirnir afhentir Stóra- Núps kirkju.

Í Lionsklúbbinn Dynk hafa gengið 8 nýjir félagar á árinu. Fjórir komu á apríl fundinum og aðrir fjórir á Stjórnarskiptafundinum. Mikill styrkur er að þessum nýju félögum og eru þeir góð viðbót í annars góðan hóp.

Ný stjórn tók við á stjórnarskiptafundinum. Í nýrri stjórn eru: Aðalsteinn Guðmundsson, formaður, Ásmundur Lárusson, gjaldkeri og Þrándur Ingvarsson, ritari.

Lionsklúbburinn Dynkur er að mínu mati skemmtilegur félags-skapur. Fundirnir hafa haft bæði fræði- og skemmtigildi auk þess að vera vettvangur fyrir okkur félagana að hittast og spjalla saman um allt og ekki neitt. Sumarstarfið hefur líka verið skemmtilegt. Labba meðfram þjóðveginum til að þrifa bjórdósir, nærbuxur, umbúðir, niðurkeyrðar vegstikur og annað rusl í góðum félagsskap er bæði gefandi og gaman. Kirkjugarðurinn hefur einnig verið efni til margra samverustunda þar sem við höfum slegið gras og hirt. Ég vil hvetja félagana til að taka þátt eins og hver og einn getur því maður er manns gaman og í Lkl. Dynk eru bara skemmtilegir menn.



Afhending bekkja - Frá afhendingu bekkja við Ólafsvallakirkju.



Ný stjórn - Þrándur Ingvarsson, ritari, Aðalsteinn Guðmundsson, formaður og Ásmundur Lárusson, gjaldkeri.



Nýjir félagar teknir inn á stjórnarskiptafundi.



Á stjórnarskiptafundinum voru Guðmundur Sigurðsson og Kristján Guðmundsson heiðraðir fyrir störf sín.



Jósef Geir Guðmundsson var heiðraður fyrir góð störf.



Frá stjórnarskiptafundinum.

Lionsklúbburinn Embla



Nýju Melvin Jones félagar okkar, þær Guðrún Sveinsdóttir, Fjöla Pálmarsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Ásta Andreassen og Elín Anoldsdóttir.



Fráfarandi stjórn með Melvin Jones félögum okkar, Brynhildur, Guðrún, Hjördís, Ásta, Fjöla, Guðrīður, Kristín, Unnur og Elín.

Nú fer þessu starfsári að ljúka og verður okkar síðasti fundur 23. maí og fara þá fram stjórnarskipti og ný stjórn tekur við. Það hefur verið venja hjá okkur nokkur undanfarin ár þegar hverju starfsári líkur að fara upp í Hellisskóg, sem er hér hinu megin á bökkum Ölfusár og gróðursetja formanna tré fyrir fráfarandi formann í okkar Emblulundi, þetta er spilda sem Lionsklúbbur Selfoss gaf okkur fyrir margt löngu. Þetta er skemmtileg athöfn og oftast er farið saman í kaffi og spjall að þessu loknu ef tími vinnst til. Á fundi okkar 8.maí voru fimm flottar Emblukonur sæmdar Melvin Jones viðurkenningu, og má geta þess að þær eru allar stofnfélagar klúbbsins og nú eru allir okkar stofnfélagar búnir að fá þessa frábæru viðurkenningu sem við erum stoltar af. Þessar fimm konur eru góðir lionsfélagar og hafa unnið að heilindum fyrir okkar góða klúbb í mörg ár og ekki talið hlutina eftir sér.

Í tilefni 100 ára afmælisárs Lionshreyfingarinnar, ætlum við í Lionsklúbbnum Emblu og Lionsklúbbi Selfoss að gefa til Árborgar fallegan steinbekk og upphíingaraslá sem setja á niður á bökkum Ölfusár og verður ekki amalegt fyrir þá sem ganga fallega göngustíginn meðfram ánni okkar að teygja á, á upphíingarslánni og tilla sér síðan og njóta útsýnis yfir ánnu okkar fögru og Ingólfsfjall.

Á fundi í vor kom til okkar Margrét Jónsdóttir, frá ullarvinnslunni í Þingborg, hún sagði okkur frá starfsemi þar og sýndi okkur myndir.

Þetta var fróðlegt og skemmtilegt erindi og margt fallegt sem unnið er þarna og allt úr valinni íslenski ull.

Fórum í skemmilega vorferð upp í Myrkholt í Biskupstungum og þar var gist eina nótt, mjög skemmtileg ferð, fórum í apríl og komum heim í maí og geri nú aðrir betur og athugið vorum bara eina nótt. En þarna áttum við yndislegt kvöld borðuðum góðan mat, sungum og lékum okkur fram á nótt. Það er svo nauðsynlegt í svona félagsskap að gera líka eitt eitthvað skemmtilegt og hafa gaman saman þó allt sé þetta starf skemmtilegt og ánægjulegt að hjálpa þeim sem á þarf að halda.

Að loknu þessu frábæra starfsári okkar viljum við þakka öllum sem hafa lagt okkur lið og hlökkum til komandi starfsárs. Sendum öllum bestu sumarkveðjur með von um gott og gjöfullt sumar.

Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltr. Lkl. Emblu



Fræðslukorn



Lionsklúbbur samanstendur af lionsfélögum. Um þessar mundir eru um 46.000 klúbbar innan hreyfingarinnar. Félagar kjósa í stjórn klúbba til að leiða starfið þar sem það þjónar ýmsum þörfum innan samfélagsins

Í stjórn klúbba er skipulagið eftirfarandi: formaður, fráfarandi formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri. Einnig er félagastjóri, formenn nefnda, auk stillara og síðameistara í stjórn. Stillarar eru ábyrgir fyrir eignum og fylgihlutum klúbbsins eins og fánum og bjöllu. Síðameistari ber ábyrgð á því að allir séu sáttrir á fundum og félagsandinn góður.

Formaður gegnir lykilhlutverki í velgengni klúbbsins. Formaðurinn er „framkvæmdarstjóri“ klúbbsins, kallar saman fundi stjórnar og klúbbsins. Hann stjórnar fundum og situr ásamt ritara í svæðisstjórn á svæði klúbbsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að stjórnun formanns endurspeglast af öðrum í stjórn klúbbsins og formönnum nefnda hans.

Það er best ef formaður geti stjórnað árangursríkum og skemmtilegum fundum. Í raun eru félagar oft að yfirgefa klúbbinn vegna þess að félagsfundir eru árangurslausir og/eða leiðinlegir.

Lionsklúbburinn Höfði á Hofsósi



Aðalheiður Arnórsdóttir.



Bjarkirnar í heimsókn.



Í heimsókn hjá Lkl. Dalvíkur.



Formenn í Skagafirði og umdæmissjóri á súpufundi.



Jólafundur með Lkl. Skagafjarðar.



Lkl. Skagafjarðar í heimsókn.

Starfsárið 2016-17 hófst 4 september með skemmtun fyrir eldri íbúa á félagssvæði klúbbsins og var hún haldin í félagsheimilinu Höfðaborg. Þar mættu um eitt hundrað manns og tókst samkoman mjög vel. Sr. Halla Rut Stefánsdóttir ávarpaði samkomugesti og hún stjórnaði líka fjöldasöng, þar sem faðir hennar Stefán Gíslason lék undir á harmonikku. Þá voru lionsfélagar og fleiri með gamanmál sem tókust nokku vel að mati viðstaddra. Annars má segja að félagsstarfið hafi verið mjög hefðbundið, líkt og verið hefur. Fjáraflanir hinar sömu og áður, síldar- og blómasala og gengu ágætlega. Við fórum á súpufund hjá Björkunum, saltkjötsfund hjá Lkl. Skagafjarðar og heimsóttum Lkl. Dalvíkur. Bjarkirnar og Lkl. Skagafjarðar komu

í heimsókn til okkar og við héldum jólafund með Lkl. Skagafjarðar ásamt mökum. Síðasti fundur starfsársins var þann 4. apríl og var konum lionsfélaga boðið á þann fund eins og venja er hjá klúbbfélögum. Þann 29 apríl héldu síðan Lkl. Í Skagafirði kótilettukvöld til fjáröflunnar fyrir tækjabúnaði sem klúbbarnir ætla að gefa í skynörvunarherbergi hjá Iðjunni á Sauðárkróki, en það er sameiginlegt verkefni klúbbanna í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Lionshreyfingarinnar.

Pálmi Rögnvaldsson.



Eldri borgaraskemmtun.



Lokafundur hjá Lkl. Höfða.

Skipulag klúbbs

- Formaður
- Fráfarandi formaður
- Varaformaður
- Ritari/gjaldkeri
- Félagastjóri
- Formenn nefnda
- Siðameistari
- Stallari

FORMAÐUR KLÚBBS

Helstu verkefni

- Æðsti stjórnandi klúbbs
- Boðar klúbb- og stjórnarfundir
- Stjórnar klúbbfundum
- Skipar fastanefndir/verkefnisnefndir
- Virkur þátttakandi í ráðgjafarnefnd umdæmissjóra

FORMAÐUR KLÚBBS

Áskoranir

- Að halda skemmtilega og árangursríka fundi
- Að virkja alla féлага
- Að hvetja féлага til að standa sig vel og ná markmiðum

Formaður stendur einnig frammi fyrir því að halda félögum virkum þátttakendum í klúbbnum og atburðum. Skipun félaga í nefndir og/eða aðrar stöður innan klúbbsins

eru skilvirk leið til að auka þátttöku þeirra. Virkur formaður mun hvetja féлага til að átta sig á eigin möguleikum.

Sigríð Andradóttir GLT fulltrúi 109B þýðdi og staðfærði

Strandhreinsiverkefnið á Snæfellsnesi 6. maí 2017



Þann 6. maí sl. tóku nokkrir Lionsmenn þátt í sérstöku umhverfisverkefni á Snæfellsnesi, sem var liður í svokölluðum Norræna strandhreinsunardegi. Mörg tonn af rusli, að mestu leyti plast, voru hreinsuð skipulega af þremur strandsvæðum og að auki voru víða minni hreinsanir.

Forsaga málsins er að í byrjun þessa árs hafði Svein Lie norskur Lionsmaður og svæðisstjóri, samband við Guðrúnu Björt Yngvadóttur og sagði frá því að á hans svæði væri stefnt á að halda sérstakan Lions- og umhverfisdag. Síðan yrði stefnt á að á næsta ári yrði haldinn um allan Noreg slíkur Lionsdagur. Hann upplýsti að hann væri í samstarfi við umhverfissamtökin „Hold Norge rent“, og þaðan hefðu komið upplýsingar um að Landvernd væri þegar komið í gang með að halda slíkan dag á Íslandi og að Landvernd væri að skoða möguleikann á samstarfsaðila vegna slíks umhverfisverkefnis og að Lions hefði verið nefnt í því sambandi.

Guðrún hafði þá samband við undirritaðan og taldi að hér væri um mjög áhugavert verkefni að ræða fyrir Lionshreyfinguna að taka þátt í, bæði til skemmri og lengri tíma. Hún bað undirritaðan að taka að sér að verða tengiliður í verkefninu og að unnið yrði í því að ná tengingum við Landvernd til að skoða mögulegt samstarf þessara félagasamtaka um sérstakt umhverfisátak. Í framhaldinu var haft samband við fjölmundamisstjóra, sem var mjög áhugasamur og síðan við Landvernd og fyrsti fundur ákveðinn þann 3. febrúar í húsakynnum Landverndar. Þann fund sóttu auk mín þeir Árni Brynjólfur Hjaltason fjölmundamisstjóri og Kristófer A. Tómasson umhverfisstjóri og síðan voru haldnir nokkrir fundir með þátttöku okkar Lionsmanna.

Strax á fyrsta fundi kom í ljós að Landvernd var komin með öflugt teymi þriggja kvenna í

að skipuleggja þennan strandhreinsidag og hafa þær haldið mjög vel utan um þetta verkefni, ásamt samstarfsaðilum á Snæfellsnesi, sem voru frá Náttúrustofu Vesturlands og verkefninu „Fegurri sveitir“ á Snæfellsnesi. Landvernd taldi heppilegast að fara fyrst í frumraunarverkefni (Pilot Project) og taka þá fyrir ákveðið landssvæði og varð Snæfellsnes fyrir valinu þar sem þar er nú þegar unnið gott starf í umhverfismálum og í gangi eru samstarfsfarvegir, svo sem Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og Umhverfissvottun Snæfellsness.

Á fundinum var upplýst að Landvernd væri búin að vera í sambandi við sín systursamtök á Norðurlöndunum um „Norrænt strandhreinsunarkerfni“ á árinu 2017. Markmið verkefnisins væru:

- Vekja athygli á mengun sjávar af völdum sorps, sérstaklega plasts, og áhrif þess á lífríkið.
- Virkja almenning og sjálfbóðaliða á öllum Norðurlöndunum til hreinsunarstarfa.
- Vekja athygli fjölmiðla og þeirra sem standa að ákvarðanatöku á þessu risavaxna vandamáli.
- Efla þekkingu okkar og annarra á leiðum til að takast á við vandamálið.
- Búa til grundvöll fyrir langtíma samvinnu samtaka og hagsmunaaðila á Norðurlöndum í tengslum við málefnið.

Farið var yfir helstu ástæður þess að mengun sjávar væri sérstaklega tekin fyrir, en vitað er að plastmengun í höfunum er orðið gríðarlegt vandamál og veldur dauða í lífríki hafsins m.a. á fiskum, hvölum og fuglum. Þá séu fljótandi á höfunum gríðarstórar plasteyjar og að sú sem sé fljótandi í Kyrrahafinu sé 7 sinnum stærri en Ísland. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að um 80% af sorpmengun hafsins komi frá landi. Því sé til mikils að vinna að draga úr mengun frá landi. Sérstaklega sé

talað um að svokallað örplast sé sérlega skaðlegt.

Tímarammi þessa norræna samstarfsverkefnis er eftirfarandi:

- 24. apríl: Herferð hefst
- 2. – 6. maí: Hreinsunarstarf hefst
- 6. maí: Norræni strandhreinsunardagurinn
- 7. – 14. maí: Úrgangsgreining og söfnun gagna
- Ágúst: Samnorræn greining, tölfræði unnin og ályktað
- 15. nóvember: Lokafrestur til að klára skýrslu
- 15. – 30. nóvember: Útgáfa og kynning á niðurstöðum

Landvernd taldi að eftirfarandi aðilar gætu orðið þátttakendur í verkefninu hér á landi:

- Heimamenn, svo sem almenningur og samtök og félag
- Félagar í LIONS
- Félagsmenn Landverndar
- Grænánaskólar/skólar á Snæfellsnesi
- Bláfánahandhafar í Stykkishólmi
- Blái herinn

Í umræðum kom m.a. fram að Árni fjölmundamisstjóri taldi þetta vera áhugavert samstarfsverkefni fyrir Lions og gat þess að á árinu 2017 væri Ísland með formensku í Norðurlandasamstarfi Lions. Einnig ætti alþjóða Lionshreyfingin 100 ára afmæli á þessu ári og á næsta ári yrði Guðrún Björt æðsti maður alþjóðahreyfingarinnar, fyrst kvenna. Það væri því margir möguleikar fyrir Lions til að koma að þessu verkefni og vekja um leið athygli á Lionshreyfingunni og því gríðarlega fjölbreyttu starfi sem þar færi fram undir markmiðinu „Við leggjum lið“ eða „We serve“. Árni tók einnig fram að Lions vildi með þátttöku sinni verða mjög sýnilegir samstarfsaðilar.

Síðan voru ræddir nokkrir fletir á mögulegri aðkoma Lions að þessu verkefni, svo sem um þátttöku Lionsmanna á Snæfellsnesi og Kristófer umhverfisstjóri upplýsti að óvída væru Lionsmenn jafn öflugir og á því svæði. Halldór upplýsti að langflestir Lionsklúbbar sinnu ýmis konar umhverfis- og landbóta-verkefnum og því líklegt að almenur áhugi væri í hreyfingunni til að taka þátt í verkefninu með aferandi hætti.

Snemma þann 6. maí lagði síðan af stað hópur fólks frá Reykjavík í rútu í boði Kynnisferða og þegar komið var að félagsheimilinu Breiðabliki á sunnanverðu Snæfellsnesi, þá voru þar mættir Pálmi Hannesson og Árni Brynjólfur Hjaltason á Lionsbílnum sem kynningarnefndin hefur til umráða.

Um það bil 100 sjálfbóðaliðum var síðan skift niður á þrjú svæði til að hreinsa fjörur. Félagar í Lionsklúbbum Nesþinga og Ólafsvíkur, starfsmenn umhverfisstofnunar og norrænu sendiráðanna ásamt öðrum sjálfbóðaliðum fóru hamförum á ströndinni við Bervík. Umhverfisráðherra Björt Ólafsdóttir var í fararbroddi í fjörunni við Hofgarða, en lengsta strandsvæðið var við Skógarnes og þar var Blái herinn og hörkuduglegt lið heimamanna fremst í flokki.

Auk þess tóku til hendinni, landeigendur og ferðaþjónustufyrirtæki, eyjar voru hreinsaðar og kafað var í höfnina í Stykkishólmi. Veðrið

lék við þátttakendur og í lokin var blásið til snæfellskrar fiskisúpuveislu á Breiðabliki þar sem yfir 200 manns komu saman.

Alls var safnað og komið til öruggrar förgunar eða endurvinnslu, milli þrjú og fjögur tonn af alls konar rusli, mest plasti og neta-dræsum. Enn er verið að vinna úr flokkun á þessu efni, en þar sem þetta er samvinnuverkefni verður gerður samanburður við strandsvæði á hinum Norðurlöndunum, sem voru hreinsuð eftir sömu hugmyndafræði á sama tíma. En eins og áður sagði þá er markmið verkefnisins að vekja athygli á viðfangsefninu „plast í hafinu“ og mögulegum aðgerðum til úrbóta. Við þurfum að endurskoða neyslu, flokka og skila rusli og hreinsa gamlar syndir. Halda þarf áfram við að hreinsa strendur og koma í veg fyrir að plast endi í hafinu.

Jón Pálmason verðandi fjölumðemisstjóri, hefur óskað eftir því að undirritaður verði umhverfisstjóri í næstu fjölumðemisstjórn og reiknað er með að Lionshreyfingin muni áfram verða virkur þátttakandi í slíkum umhverfisverkefnum og verður upplýsingum þar að lútandi komið á framfæri við Lionsmenn á Íslandi.

*Með Lionskveðju
Halldór Runólfsson
Ritari í Fjörgyn 2016 – 2017.*



LION



We Serve

Mai 2017



Svipmyndir frá 62. þingi Lionsumdæmis 109 á Hótel Sögu

